




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Dalskóli

2022 – 2023



DALSKÓLI

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans „ Hamingjan er ferðalag,, skapandi starf er okkar rauði þráður í gegnum alla okkar vinnu með börnum	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
3 Innra mat	9
3.1 Mosadalur.....	9
3.2 Fífudalur.....	13
3.3 Vættabjörg.....	16
3.4 Tröllabjörg.....	18
3.5 Álfabjörg.....	22
3.6 Huldudalur.....	25
3.7 Töfradalur.....	28
3.8 Listasmiðjan og smiðjur í leikskólahluta Dalskóla.....	30
3.9 Tónlist í leikskólahluta Dalskóla.....	31
4 Innra mat sérkennslu.....	33
5 Innra mat – fjöltyngd börn	35
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	37
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva –	37
8 Foreldrasamvinna.....	38
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	40
10 Fylgigögn.....	41
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	41



Leiðarljós leikskólans „, Hamingjan er ferðalag,, skapandi starf er okkar rauði þráður í gegnum alla okkar vinnu með börnum.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Dalskóli leikskólahluti vinnur með hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem skapandi starf er í hávegum haft. Auk þess er mikil áhersla á útinám barnanna. Mikil áhersla er lögð á skráningar eða persónumöppu sem hvert barn byrjar að safna í frá fyrsta leikskóladegi.

Þetta skólaár var eins og hjá flestum ef ekki öllum leikskólum á Íslandi ansi skrautlegt og einkenndist af þeim leiða vágest sem Covid -19 er. Það þurfti ítrekað að bregðast við áskorunum vegna reglugerða breytinga á starfseminni vegna sóttvarna og einkenndust breytingarnar af því að það þurfti að breyta, hólfastípta og beygja og sveigja starfið eftir reglugerðum. Starfsfólk mátti ekki hittast og blandast öðrum hólfum og foreldrar máttu ekki koma í hús.

Þrátt fyrir allt þetta var haldið áfram að vinna með innra starfið eins og mögulega var hægt, verkefnastjórar þurftu að binda sig í öðru hvoru húsinu og máttu ekki fara á milli. Þetta hefur reynt á okkur öll en haustið einkenndist af manna ráðningum og aðlögun nýrra barna.

Við vorum að aðlaga börn og starfsfólk fram eftir öllum vetri, þar sem ekki gekk vel að manna haustið. Einnig þurfti að ráða talsvert af kennurum þar sem leikskólinn var að stækka til muna þar sem ein ungbarnadeild og þá sjötta deildin í Dalnum opnaði. Við misstum út kennara og starfsfólk strax í byrjun september og þurftum að bregðast skjótt við því. Þar sem deildastjóri einnar deildarinnar datt út vegna veikinda tóku deildarstjórar þá ákvörðun með stjórnendum að flytja börn og starfsfólk á aðrar deildar. Deildin hefur verið notuð í vetur af öllum deildum í Dalnum til þess að dreifa álagi. Ekki hefur tekist að manna deildarstjórastöðuna en við horfum björtum augum fram að vetri þar sem starfsmenn eru að koma til baka úr fæðingarorlofi og námi.

Að venju tóku elstu börnin þátt í Barnamenningarhátíð í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Auk þess tók Dalskóli þátt í Barnamenningarhátíðinni með leikskólunum, Geislabaugi, Maríuborg og Reynisholti. Þar sem unnið var með nærumhverfi Grafarholts og Úlfarsárdals. Verkefnið bar yfirskriftina „, Ævintýri í hverju skrefi“ og lauk með samsýningu í Borgarbókasafni, Menningarhúsi Úlfarsárdals. Þessi sýning tókst með miklum ágætum og vakti mikla athygli.

Fyrir haustið 2022 -2023 var sótt um í A hluta menntastefnu borgarinnar um félags- og tilfinninga - þroska aftur þar sem ekki tókst að halda innleiðingarferlinu eins og ætlað var. Áætlað er að innleiða Blæ á allar yngri deildar og vinna með félags- og tilfinninga þroska barna á öllum deildum.

Á vordögum fengum við fræðslu í skyndihjálpi þar sem foreldri sem vinnur sem sjúkraflutningarmaður bauð fram krafta sína og hélt námskeið fyrir starfsmenn.

Við ákváðum að innleiða aðferðir Hugarfrelsis þar sem lögð er áhersla á öndun og styrkleika.

Námskeið Hugarfrelsis kenna börnum og fullorðnum aðferðir til að efla sjálfsmynd sína og verða besta útgáfan af sjálfum sér. Í hverjum tíma eru gerðar einfaldar öndunaræfingar, jóga, slökun og hugleiðsla ásamt fræðslu og verkefnum til að efla einstaklinginn og sjálfsmynd hans.

Hugleiðslutæknin sem Hugarfrelsi notar eru hugleiðslusögur sem eru mjög myndrænar og henta vel þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í að kynnast eigin huga. Innleiðingu er skipt niður á tvö námskeið þar sem Unnur og Hrafnhildur fylgja Dalskóla eftir í innleiðingunni.

Innleiðingin hófst nú á vorönn og eru kennarar að vinna að innleiðingu með börnunum. Í haust verður svo næsta námskeið og lýkur innleiðingu með eftirfylgd.

Nokkuð var um framkvæmdir í Dalskóla en skipt var um gólfefni í Dalnum og settur dúkur og teppi á stiga. Ætlunin var að setja upp rafdrifin skiptiborð á allar deildar en það verkefni hefur ekki verið klárað þar sem vantaði hluti að utan vegna Covid - 19. Við eigum von á að það takist fyrir haustið. Búið var að teikna upp skáp í sal í Dalnum sem gæti þjónað geymslu listasmiðju, þar sem listasmiðjunni var breytt í ungbarnadeild.

Aðaláhersla síðasta vetrar var að vinna að fagmennsku og efla færni kennara, þetta var eitt af aðal markmiðum vetrarins en Kristín Hildur Ólafsdóttir og Guðný Reynisdóttir frá SFS komu inn með fræðslu og eftirfylgd fyrir deildarstjóra og aðra starfsmenn. Ekki tókst að fylgja deildarstjórum í Dalnum eftir þar sem Covid - 19 stóð í vegi fyrir því að við gætum fylgt þessu eftir. Þar sem yngri börnunum fjölgar mikið hér hjá okkur í Dalskóla ákváðum við að skoða aðferðarfræði með yngstu börnum leikskólans og fengum við Dr. Hrönn Pálmadóttur, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með námskeið fyrir yngri barna kennara sem bar nafnið „ Leikskólastarf með þeim yngstu – viðhorf og námsumhverfi.

Unnið verður með námsþátt félags og tilfinningafærni næsta skóla ár og þar koma aðferðir Hugarfrelsis sterkt inn.

Einnig verður unnið með vinnumhverfi starfsmanna og barna en í vetur hefur Vinnueftirlitið unnið með okkur í hljóðvist og loftgæði en starfsmenn hafa kvartað yfir hvoru tveggja þá aðallega í Móa.

Unnið hefur verið að því að mæla upp rými þar sem börn dvelja ásamt starfsmönnum með það að leiðarljósi að fækka börnum í rýmum. Á komandi vetri er áætlað að börnin á þremur yngstu deildum verði að meðaltali 13 en það er ásættanlegt miðaða við rými og mönnun. Í Móa er beðið eftir skilrúmum til þess að stúka af deildarnar. En einnig skápum og fleiru til þess að bæta vinnuaðstöðu í sal, bæði barna og starfsmanna þar sem langt er að fara með öll börnin í sameiginlegan matsal skólans.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Almennt mat á deildarstjórafundum og með verkefnastjórum.	Á fundum deildarstjóra. Smiðjur metnar í lok hverrar smiðju.	Deildarstjórar, verkefnastjórar	Smiðjur hafa gengið nokkuð vel en þó mismunandi eftir deildum. Starfsmenn hafa gætt þess að láta þær ganga fyrir þrátt fyrir ýmsar takmarkanir. Anmarkinn hefur helst verið sá að ekki hefur verið hægt að hleypa foreldrum inn á sýningar nema mjög takmarkað.

Mat á eftirfylgni deildarstjóra og deilda í Móa	Á starfsmanna-fundi	Starfsmenn Móa	Huga vel að hópa-skiptingu, stærð hópa og gott skipulag. Skýr fyrirmæli
Mat á námskeið Hrannar Pálmadóttur vegna yngri börnum	Á fundi með starfsmönnum	Starfsmenn í Dalnum	Hægt að vinna mikið meira með yngstu börnunum. Huga vel að vali leikefnis
Mat á námskeiði í skyndihjálpi	Á starfsmanna-fundi	Allir starfsmenn Dalskóla leikskólahluta	Þarf að hafa slysavarnarnámskeið á hverju ári
Starfsþróunarsamtöl	Með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum á stuttum fundum á vordögum.	Allir starfsmenn	Í heildina á litið eru starfsmenn ánægðir og ætla flestir að halda áfram að vinna næsta vetur í Dalskóla. Þeir sem eru að hætta eru að fara í háskólanám eða annað nám.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Fræðsla og þjálfun, starfsánægja, sveigjanleiki í starfi, upplýsingaflæði og vinnuástaða	Rafræn starfsmanna-könnun á vegum Reykjavíkurborgar	Starfsmenn Dalskóla	Við í Dalskóla komum nokkuð vel út í þessum könnunum. Við vorum mjög vel samanburðarhæf hvað varðar önnur svið og fyrri k það kemur fram að það megi bæta upplýsingaflæði til starfsmanna. Þessi þáttur kemur reglulega upp sama hvað reynt er að laga. Vinnuálag skoraði mjög hátt bæði hvað varðar kannanir vegna vinnustyttingar og svo vegna ýmissa veikinda.

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023



UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Auka enn frekar upplýsingaflæði	Hvetja starfsm. til að opna póstinn sinn og nota Work place. Að starfsm. á deildum fái fréttir af því sem fram fór á deildarstj.-fundum	Deildarstjórar og stjórnendur	Haust 2022		Skoða með deildarstjórum og vinna með strax	Að starfsmenn viti alltaf hvað er að gerast með góðum fyrirvara
	Reglulegir fagfundir	Styrkja sameiginlega sýn á starfið og stefnu. Efla faglegt starf	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Á deildarstjórafundum	Fundir séu á 6 vikna fresti.
Uppeldis- og menntastarf							
	Unnið verður með félagsfærni annað árið í röð.	Haldið verður áfram að leggja áherslu á Blæ. Tilfinninga, félagsfærni og vináttusmiðja í haust hjá elstu börnum.	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjórar	Haust 2022	Vor 2023	Á skipulagsdegi á vorönn	Að unnið verði markvisst með Blæ á öllum deildum
	Kennslufni Hugarfrelsis lagt inn	Seinni innleiðing um haust, eftirfylgni námskeiðshaldara	Stjórnendur, deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Metið á deildarf. og deildarstjórafundum,	Hugarfrelsi inn á öllum deildum
	Haldið verði áfram að þróa ungbarnastarf á yngstu deildum. Skoða húsbúnað, leikefni og leikföng.	Skoða ungbarnaleikskóla	Stjórnendur og deildarstjórar á yngstu deildum	Haust 2022	Vor 2023	Metið á deildarstjórafundum	Að starfsfólk öðlist öryggi og færni í starfi með yngstu börnum leikskólans



Mannauður/ Leikskólabragur							
	Bætt símenntun fyrir starfsmanna-hópin	Kynna námskeiðs-framboð Reykjavíkurborgar og háskólanna fyrir starfsfólki	Stjórn-endur og Sérkenn-slustjórar	Haust 2022	Vor 2023	Símat á deildarfundum og starfsþróunar-samtölum	Að allir starfsmenn sinni og fái notið starfsþróun
	Sameiginleg sýn á stefnu og starf skólans	Skipulags-dagar nýttir til fræðslu og stefnu-mótunar.	Stjórn-endur og deildar-stjórar	Haust 2022	Vor 2023	Metið á starfsdegi	Að sem flestir hafi komið að vinnu og þekki og vinni eftir sýn og stefnu skólans
	Álag verði viðráðanlegt	Greina hvenær álagið er sem mest. Skoða skipulag	Stjórn-endur og deildar-stjórar	Nóv 2022	Júní 2023	Símat, rætt á deildarfundum og deildar-stjórafundum	Fækka veikindadögum. Vinnuálag verði viðunandi
	Innleiddar verða matstofur bæði í Dal og Móa	Skoða þarf húsbúnað og bæta aðgengi barnanna. Auka lýðræði barna í matmáls-tímum	Stjórn-endur og deildar-stjóra	Haust 2022	Vor 2023		Að rýmið verði aðgengilegt og fallega upp sett fyrir matstofu og börnin verði sjálfstæð í að velja sér sjálf
Innra mat							
	Haldið verði áfram að þróa rýmin í Móa. Rýmin verði aðlöguð betur að starfsfólki og börnum	Metið með elstu börnum leikskólans og starfsfólki	Stjórn-endur og deildar-stjórar í Móa	Haust 2022	Vor 2023	Metið reglulega yfir veturinn og svo að vori	Að starfsfólki og börnum líði vel í rýmum og upplifi rólegt og þægilegt andrúmsloft



3 Innra mat

3.1 Mosadalur

Veturinn 2021 – 2022 var góður í Mosadal. Barnahópurinn taldi 39 börn, 24 fædd 2016 og 15 fædd 2017. Hópnum var skipt í tvennt eftir árgöngum, eldri árgangurinn kallaðist Fuglar og sá yngri Álfar. Fuglahópurinn var í samstarfi við Fuglahópinn í Fífudal (eldri árgangur þar) og Álfahópur var í samstarfi við Risahóp í Fífudal (yngri árganginn þar). Börn í Fuglahóp byrjuðu í Mosadal í ágúst, en þau höfðu flest verið í Fífudal veturinn áður. Sex drengir fæddir 2016 byrjuðu í Mosadal í september. Börn í Álfahóp byrjuðu í Mosadal í ágúst en þau höfðu öll verið í Dal veturinn áður, hluti á Tröllabjörgum og hluti á Vættabjörgum. Því voru öll 39 börnin ný á deildinni og ágúst og september mánuðir voru aðlögunartímabil fyrir bæði börn og kennara. Hópurinn varð þó nokkuð samheldinn og hefur verið góður andi á deildinni allan veturinn.

Fuglahópar voru þrír, Kríur, Lundar og Lóur, og voru þeir blandaðir af báðum deildum. Samstarf þeirra gekk mjög vel og slípaðist fljótlega til í fast mótað skipulag. Hver hópur fór einn dag í ævintýraferð (göngu- og/eða vettvangsferðir), einn dag í tónlist og listasmiðju og einn dag í smiðjuvinnu. Einu sinni



í viku unnu allir fuglahópar saman með 1. bekk í svokallaðri hringekju, sem er liður í aðlögun og samstarfi milli skólastiga.

Álfar og Risar skiptust í fjóra hópa sem ýmist unnu hver í sínu lagi eða tveir saman. Hóparnir heita eftir litum, gulur, rauður, grænn og blár, og voru blandaðir af báðum deildum. Einu sinni í viku fóru tveir hópar í ævintýraferð og hinir tveir unnu þá á tveimur stöðvum í smiðjuvinnu. Einu sinni í viku fóru hóparnir annars vegar í tónlist og hins vegar í listasmiðju. Eftir því sem á leið veturinn jókst samvinnan og í seinustu smiðju vetrarins fóru hóparnir tvisvar í viku í ævintýraferðir og smiðjuvinnu og voru saman í hádegissamveru á hverjum degi.

Fyrir áramót var lögð áhersla á Vináttuverkefni Barnaheilla (Blæ bangsa) og *Lubbi finnur málbein* námsefnið. Fóru öll börn í Fugla, Álfa og Risahópum í vikulegar stundir með þeim áhersluþáttum. Eftir áramót hófst innleiðing slökunar, jóga og hugleiðslu frá *Hugarfrelsi* og tóku þær stundir við af bæði Lubba og Blæ.



Smiðjur voru fjórar þennan veturinn, vináttusmiðja og læsismiðja að hausti en menningar og náttúrusmiðjur að vori. Fyrsta smiðjan var vináttusmiðja og átti það vel við þar sem hópurinn þurfti aðlögunar og hópeflis við á nýrri deild. Svo tók læsismiðjan við, *Lestur er bestur*, þar sem áhersla var lögð á ævintýri og bækur. Börnin sömdu og gerðu bók sem þau gáfu foreldrum sínum í jólagjöf og að auki krufu þau ævintýrið um Gullbrá og birnina þrjá til mergjar. Menningarsmiðjan að þessu sinni var helguð hverfinu okkar þar sem að áherslan í





Barnamenningarhátíð í ár var Grafarholt og Úlfarsárdalur. Þessi smiðja var unnin í samstarfi við alla leikskóla í Grafarholtinu og nefndist *Ævintýri í hverju skrefi*. Uppskeran úr þessari smiðju var stór samsýning skólanna í hinu nýja menningarhúsi hér við Dalskóla. Að auki unnu Fuglar stórt samvinnuverkefni með Tónskóla Sigursveins og fjölmörgum leikskólum borgarinnar sem endaði á stórum tónleikum 600 barna í Hörpu sem nefndust *Lögin hans Ladda*. Eftir á að hyggja var það allt of stórt verkefni fyrir bæði börnin og kennarana að taka þátt í báðum þessum stóru samvinnuverkefnum og hefðum við betur átt að leyfa Fuglahópum að einbeita sér að tónleikum í Hörpu og öllum þeim verkefnum sem þeim fylgdu til undirbúnings. Eftir páskana hófst svo náttúrusmiðjan sem að venju beindi augum að vorkomunni, fuglalífi og skordýrum og nefndist hún *Heimar í mótun*. Smiðjan einkenndist af vettvangsferðum, gönguferðum og heimsóknum sem og gróðursetningu, útiveru og skordýraveiðum.

Heilt yfir var veturinn ánægjulegur og hefur barnahópurinn vaxið vel og dafnað. Fyrst eftir áramót var námið og starfið í heild þó fremur sundurleitt og fór hægt af stað, en janúar og febrúar voru einstaklega veðurharðir auk sem harðar takmarkanir giltu í samfélaginu vegna mikillar útbreiðslu covid-19 veirunnar. Börn og kennarar veiktust mörg hver af veirunni og margir lentu í sóttkví og það auk lokana vegna veðurs orsakaði mikil forföll. En vorið kemur, heimur hlýnar og lundin léttist og var það samrómur að seinasta smiðja vetrarins hefði verið einstaklega ánægjuleg, markviss og skilað miklu bæði fyrir börn og kennara.

Umbótaþættir Mosadalur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efniviður	Auka fjölbreytni í leikefni og öðrum efnivið	Skipta út leikföngum reglulega og skila aftur. Taka til í græna rými og koma upp skilvirkum leikfanga-banka.	Deildarstjórar bera ábyrgð á skipulagningu/uppsetningu/eftirfylgni. Allir starfsmenn bera ábyrgð á framkvæmd.	Ágúst/ sept. 2022	Mai/ júní 2023	Endurmeta mánaðarlega á deildar- og deildarstjóra-fundum.	Í október ætti skipulagið að vera farið að virka vel, endurmeta um áramót hvernig og hvort við viljum halda þessu áfram.
Umgengni: Yfirferð á lóð og græna rými	Skilvirkara kerfi – muna eftir að gera.	Setja inn á dagskipulag hvaða starfsmaður ber ábyrgð hvern dag.	Deildarstjórar bera ábyrgð á skipulagningu/uppsetningu. Allir bera ábyrgð á framkvæmd.	Ágúst/ sept. 2022	Mai/ júní 2023	Endurmeta mánaðarlega á deildar- og deildarstjóra-fundum	Kvittanablöð vegna yfirferðar á lóð séu útfyllt minnst 3 daga í viku (helst hvern dag). Græna rými sé snyrtilegt og frágangur eftir gátlista.
Hrós og hvatning	Sjá það sem vel er gert.	Brosa, hrósa, spyrja hvað er verið að gera. Taka smá tíma á hverjum deildarfundum fyrir hrós og hvatningu eða jákæða umræðu um starfið okkar.	Deildarstjórar bera ábyrgð á fundarstjórn og að þessu sé gefið rými á fundum. Allir bera ábyrgð á sínum viðhorfum og að brosa, hrósa og sýna öðrum áhuga.	Ágúst/ sept. 2022	Mai/ júní 2023	Endurmeta á deildar-fundum. Deildarstjórar endurmeta reglulega í sínu samráði.	Andrúmsloftið jákvæðara, starfsfólk áhugasamara og sýnir aukinn metnað í fjölbreyttum verkefnum. Fundir oftast jákvæðir en neikvæðir (punkta hjá sér eftir hvern fund hversu jákvæður hann var). Opnari umræða á fundum, ekki bara deildarstjórar sem tjá sig.
Dýpka smiðjuvinnu	Víkka þemað í almennt starf og leik	Útbúa bókahillu fyrir þematengdar bækur. Hafa leikefni inni á deild sem endurspeglar smiðjuvinnuna.	Allir bera ábyrgð á framkvæmd, að finna til leikefni sem tengist þemanu í þeirra hóp/ yfirþema smiðjunnar. Deildarstjórar bera ábyrgð á eftirfylgni.	Ágúst/ sept. 2022	Mai/ júní 2023	Endurmeta á smiðju- og deildarfundum	Með hverri smiðju verði bækur í kósýhorni frammi sem tengjast þemanu. Einnig að minnst einn leikefnakassi og/eða hilla verði með efnivið sem ýtir undir og styður við áframladandi nám og umræðu barnanna um þemað.



Agi	Samræma reglur og aðferðir til aga-stjórnunar	Ræða á starfsdegi og ákveða agakerfi. Helst fá námskeið eða fyrirlestur um hagnýtar leiðir til agastjórnunar fyrir alla starfsmenn.	Stjórnendur og deildarstjórar bera ábyrgð á skipulagningu og eftirfylgni/aðhaldi. Allir bera ábyrgð á framkvæmd og að kynna sér aðferðir.	Ágúst/ sept. 2022	Maí/ júni 2023	Endurmeta á deildar- og deildarstjórafundum	Sömu reglur gildi sama hvaða kennari á í hlut. Samræmdar aðferðir til agastjórnunar, helst með ákveðnu kerfi sem hægt er þá að vitna í og leiðbeina starfsfólki með.
-----	---	---	---	-------------------------	----------------------	---	--



3.2 Fífudalur

Veturinn 2021-2022 voru 40 börn á Fífudal og 9 starfsmenn. Barnahópurinn saman stóð af tveimur árgöngum og skiptust þau þannig að 14 börn voru í yngri hópnum (börn fædd 2017) og 26 börn voru í eldri hópnum (börn fædd 2016). Haustið byrjaði brösuglega þar sem bara annar deildarstjórinn var kominn í fullt starf, verkefnastjóri tónlistar aðstoði og vann í fullu starfi sem tímabundinn deildarstjóri eldri hópsins fram í október. Einnig urðu ýmsar mannabreytingar í starfsmannahópnum en heilt yfir rúlluðu samtals 17 starfsmenn í gegnum þessi 8-9 stöðugildi deildarinnar fram í febrúar þegar meiri stöðugleiki myndaðist.



Vegna þessa gekk nokkuð erfiðlega að koma upp góðri rútínu og skipulögðu dagskipulagi framan af en þrátt fyrir það unnu börnin að ýmsum verkefnum sem tókst mjög vel. Sameiginlegt smiðjustarf með Mosadal gekk nokkuð vel en báðir árgangar unnu eftir ákveðnu hringekju skipulagi þar sem börnunum var skipt niður í smærri hópa og var unnið undir stjórn hópstjóra. Á hverjum degi fór einn hópur í ævintýraferð ásamt sínum hópstjóra, undir handleiðslu Bjargar sem er hópstjóri ævintýraferða. Þessar ferðir gáfu börnunum mikinn innblástur í verkefnum sínum.

Börnin fædd 2017 unnu í 4 blönduðum hópum fram eftir vetri þar sem unnið var með ýmsar ævintýraverur, vináttu, og svo var stærra verkefni sem var unnið í tengslum við Barnamenningarhátíð en þar var Dalskóli rannsakaður ítarlega og stærri listaverk voru sýnd á sameiginlegri listasýningu á Bókasafni skólans. Á vor mánuðum fór svo 5. smiðjan í gang en þá var unnið með verkefni tengd skordýrum og náttúrunni almennt. Auk þess alls voru unnin „hefðbundnari“ verkefni eins og jólagjafir til foreldra, sjálfsmyndir voru gerðar í Listasmiðjunni auk margra smærri verkefni.

Börnin fædd 2016 unnu sínar smiðjur einnig í samvinnu við Mosadal. Þeim hóp var skipt niður í 3 hópa, kennda við fugla, þar sem unnið var með svipuð þemu og 2017 hópurinn spreytti sig við. Auk allra þessa verkefna þá söng allur hópurinn líka á stóra sviði Hörpu við opnun barnamenningarhátíðar, tók þá í vikulegri hringekju með 1. bekk grunnskólans, fór í menningarferðir bæði í Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið, í umferðarskólann, fékk heimsókn og fræðslu frá slökkviliðinu og fékk kynningu á starfsemi Tónskóla Sigursveins. Á vormánuðum hófst síðasta smiðja vetrarins og þar ætla börnin að vinna með og rannsaka ýmis fugla- og náttúrutengd þemu.



Listasmiðjustarf deildarinnar gekk mjög vel. Starfið var unnið í samvinnu með Arndísi listasmiðjustjóra og var því að mestu skipt niður á mismunandi þemu í tengslum við smiðjuvinnuna. Verkefnastjóri listasmiðju er ýmsu vön hvað varðar skapandi starf og barnahópa og gekk skipulagið því mjög vel. Hóparnir skiptust eftir dögum að fara í listasmiðjuna og fór það eftir tilmælum sóttvarnarlæknis hvort að hóparnir gátu unnið þvert á deildar eða hver í sínu lagi. Heilt yfir var skapandi starf deildarinnar vel skipulagt og gekk vel að vinna í misjafnlega snörpum lotum með fyrir fram ákveðið smiðjuþema. Starfið var svo símetið á smiðju-, deildar- og deildarstjórafundum yfir veturinn.

Mestan part vetrarins gátum við nýtt okkur það að hafa verkefnastjóra tónlistar í húsi. Þetta reyndist góð innspýting í tónlistarstarf deildarinnar. Tónlistarstundir voru unnar í tengslum við smiðju- og hringekjustarfið þar sem hver hópur skiptist á að fara í tónlistarstund. Sérstök áhersla var svo sett á „Lögin hans Ladda“ í tengslum við Barnamenningarhátíð með elstu börnum en þar var hápunkturinn opunaratriði Barnamenningarhátíðar í Hörpu.

Blæstundir voru nokkuð reglulegar í smiðjustundum fyrir áramót en féllu niður í covid takmörkunum. Áður en að takmörkunum kom þá fór hver hópur í sérstaka Blæstund að minnsta kosti einu sinni viku og voru þá að taka fyrir einhver ákveðin atriði úr Blæ verkefna möppunni. Þessi aðferð þótti takast vel fram því að sóttvarnarlæknir skellti í lás og bannaði að hóparnir blönduðust milli deilda. Einhvern vegin tókst ekki að taka þráðinn upp eftir að takmörkunum var aflétt.

Á vormánuðum fengu allir starfsmenn leikskólans námskeið frá Hugarfrelsi. Þar lærði starfsfólkið á deildinni ýmsar aðferðir til að vinna með núvitund, slökun, jóga og hugleiðslu. Mikið var unnið með ýmsar öndunaræfingar í upphafi samverustunda auk þess sem slökunar- og hugleiðslustundir hafa nýst vel í hvíldar og sögustundum. Þessi aðferðafræði vakti almenna lukku og hefur starfsfólk Fífundals unnið nokkuð vel að því að koma námsefni Hugarfrelsis inn í daglega rútinu deildarinnar, á einn eða annan hátt.

Þrátt fyrir almennar takmarkanir í tengslum við Covid hefur foreldrasamstarf gengið vel. Góð mæting var á þá fáu viðburði sem við gátum haldið (tvenn smiðjulok, mæðrakaffi, vorskóli og opin hús í tengslum við Barnamenningarhátíð) og í foreldraviðtöl. Við hlökkum til að geta vonandi boðið foreldrum meira og dýpra samstarf á næsta vetri.

Heilt yfir hefur starfið í vetur gengið vel og í foreldraviðtölum virðast foreldrar almennt ánægð með starfið. Sömu sögu má segja um börnin sem virðast finna til öryggis hér á Fífudal, bera traust til alls starfsfólks deildarinnar og leikgleðin er svo sannarlega til staðar í barnahópnum.

Umbóta- þættir Fífudalur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hugarfrelsi	Reglulegar Hugarfrelsis- stundir	Flétta inn í smiðjustarf og samveru- stundir	Deildar- stjórar og aðrir starfs- menn	Ágúst 2022	Júlí 2023	Símat á deildarfundum og listar frá Hugarfrelsi	Að börnin hafi kynnst mismunandi öndunaræfing um og upplifað hugleiðslu- stundir reglulega yfir veturinn
Smiðju- vinna/ skapandi starf	Að hópstjórar séu betur undirbúin og örudd í smiðju- vinnunni	Reglulegir smiðjufundir og fastir undirbúnings- tímar	Deildar- stjórar og smiðju- stjórar	Ágúst 2022	Júlí 2023	Símat á deildarfundum og starfsþróunar- samtölum	Viðtöl við smiðjustjóra á starfsþróunar- samtölum
Mann- auður	Regluleg símenn- tun starfsmanna	Kynna námskeiðs- framboð Reykjavíkurb- orgar og háskólanna fyrir starfsfólki	Stjórn- endur og deildar- stjórar	Ágúst 2022	Júlí 2023	Metið á deildar- og deildarstjóra fundum (skráningarblöð)	Að allir starfsmenn sinni reglulegri símenn- tun til þroska í starfi
Málörvun	Hafa reglulega málörvunar- stundir fyrir tvítyngd börn og þau sem þurfa á stuðning að halda	Setja saman sérstaka málörvunar- hópa og ábyrgðaraðila	Sérkennslu stjóri og deildarstj- orar	Ágúst 2022	Júlí 2023	Lubbi, lærum og leikum með hljóðin, orðagull og svo framvegis Metið á Deildarstjórafun- dum	Tras, Hljóm-2, EFI-2



3.3 Vættabjörg

Á Vættabjörgum starfsárið 2021-2022 voru 18 börn, 13 börn fædd 2018 og 5 börn fædd 2019.

Covid spilaði mjög stórt hlutverk hjá okkur í vetur og setti mikið strík í reikninginn varðandi allt skipulag deildarinnar. Við reyndum þó eftir bestu getu að halda dagskipulaginu gangandi en allt hópastarf og smiðjuvinna fer fram fyrir hádegi og frjáls leikur og útivera eru eftir hádegi.



Í hópastarfi vorum við markvisst að vinna með málörvun, fín- og grófhreyfingar, tónlist, útikennslu og vináttuverkefnið um Blæ. Markmiðið var að hver hópur fengi vinnu með Lubba og Blæ einu sinni í viku í hópastarfi en því miður gekk það ekki alltof vel fyrir sig í ljósi aðstæðna en hefur gengið betur nú á vormánuðum. Þess í stað gripum við tækifæri þegar það gafst hverju sinni og unnum með Lubba og Blæ. Hreyfistundir áttu að fara fram í salnum og útiveru en því miður var veturinn óvenju kaldur og snjóþungur þannig að þær fóru að mestu leyti fram í salnum. Það sama átti við um útikennslu við gátum ekki tekið það markvist fyrir en í apríl.

Á vormánuðum innleiddum við Hugarfrelsi þar sem við unnum með öndun og slökun. Við byrjuðum fyrstu vikunnar á að innleiða öndun sem við gerðum 2 svar á dag í samveru og bættum svo við slökunar æfingum einu sinni á dag eftir hádegismat. Þetta hefur gengið mjög vel og ætlum við að bæta við hægt og rólega fleiri slökunar og öndunaræfingum.

Mikil áhersla er lögð á málörvun í öllu starfinu við setjum orð á athafnir, lesum og skoðum saman bækur og syngjum. Einnig nýtum við útiveru mikið hvort sem það er við leik í garðinum okkar eða farið í styttri eða lengri vettvangsferðir. Sjálfshjálpar skipar stóran sess hjá okkur þar sem börnin eru hvött til að hjálpa sér sem mest sjálf við hinar ýmsu athafnir. Vinátta skipar stóran sess hjá okkur og kemur Blær þar sterkur inn. Við leggjum áherslu á það við börnin að við erum öll vinir á deildinni,



engin er skilin út undan og að við berum virðingu fyrir hvert öðru óháð til dæmis útliti eða kyni.

Samverustundir eru tvisvar á dag hjá okkur og er börnunum skipt upp í tvo hópa. Í þeim er sungið rætt um



hvaða dagur er, mánuður og ýmislegt annað sem börnunum liggur á hjarta.

Smiðjustarfið var mjög fjölbreytt hjá okkur og unnu börnin meðal annars jólagjafirnar í þeim. Við tókum þátt í Barnamenningarhátíðinni í apríl sem hét Ævintýri í hverju spori. Við vorum í samstarfi við aðra leikskóla í Grafarholti og var sett upp glæsileg sýning í menningarmiðstöðinni í Úlfarsárdal. Þemað á Vættabjörgum var kisa og gerðu börnin í sameiningu risastóran kisuskúlpur sem fékk nafnið Prumpulína og var bleik á litinn.

Síðasta smiðja vetrarins var svo Náttúrusmiðja, börnin fóru í göngutúr um dalinn okkar og vöktu fuglarnir og söngur þeirra mikinn áhuga og var þess vegna tekin ákvörðun að vinna með hina ýmsu fugla. Einnig gróðursettu börnin sólblóm sem þau hugsa svo sjálf um og taka með sér heim áður en þau fara í sumarfrí.

Umbóta- þættir Vætta- björg	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Hugar- frelsi	Innleiða slökunar og öndunar- æfingar	Í samverustund um og hvíld	Allir starfs- menn deildar- innar	Í haust	Við sumarlok un	Dagleg skráning. Metið á deildar- fundum	Að meta hegðun og líðan barna
Blær	Halda áfram vinnu með vináttu- verkefnið um Blæ	Unnið markvisst í hópstarfi	Deildar- stjóri og hópstjórar	Í haust	Við sumar- lokun	Skráningar sem farið verður yfir á deildar- fundum	Meta samskipti barnanna
Lubbi	Vinna Lubba á markvissari hátt	Allt starfsfólk þarf kynningu á efninu. Unnið markvisst í hópstarfi	Deildar- stjóri og hópstjórar	Haut	Við sumar- lokun	Hópstjórar halda utan skráningar sem farið verður yfir á deildar- fundum hvað má gera betur.	Börnin læri lögin og þekki stafina sem búið er að innleiða
Skráning	Auka skráningar á verkefna- vinnu með börnum	Efla alla starfsmenn í skráningar- vinnu	Deildar- stjóri	Haut	Við sumar- lokun	Hver starfsmaður ber ábyrgð á einni skráningu. Metið er á deildar- fundum	Skoða afrakstur skráningar- vinnu starfsmanna



3.4 Tröllabjörg

Starfsárið 2021-2022 voru á Tröllabjörg 17 börn fædd 2018. Í nóvember tók nýr deildarstjóri við í tímabundna afleysingu, sú afleysing framlengdist fram að sumarleyfi. Í desember, janúar, febrúar og mars var mikið um fjarveru á starfsfólki vegna Covid-19 og setti það mark sitt á starfið. Þetta hafði þau áhrif að meta þurfti hvern dag fyrir sig og var þar af leiðandi minna um skipulagðar stundir sem voru fyrir fram ákveðnar. Skipulagðar stundir festust þó hægt og rólega inn í apríl. Þetta fyrirkomulag hentaði deildinni mjög vel miðað við aðstæður.

Frá ársbyrjun 2022 var reynt að vinna með Lubba einu sinni til tvisvar sinnum í viku, tekin voru eitt til tvö málhjóð í senn þar sem sagan var lesin og hljóð og tákni tekin fyrir ásamt því að læra lögin. Í byrjun mars var svo skipaður Lubba-stjóri sem hélt utan um Lubbastundirnar og voru þær festar þrisvar sinnum í viku í samverustundum fyrir hádegismat.

Samverustundir hafa verið nánast á hverjum degi. Sungin hafa verið sérstaklega merkt lög sem tileinkuð eru vetrartímunum á þeim tíma. Með vorinu voru sungin lög þeirrar árstíðar. Einnig eru sungin lög þar sem notast er við hreyfingar og tákni.



Útivera er stór þáttur af dagsskipulaginu og fara börnin út á hverjum degi svo lengi sem veður leyfir. Börnin fara minnst einu sinni á dag út og tvisvar til þrisvar sinnum í góðu veðri.

Smiðjan frá Janúar og fram í Mars var tileinkuð Barnameningarhátíðinni og kallaðist Ævintýri í hverju skrefi. Byrjað var á því að fara með börnin í litlum hópum út

í gönguferðir. Börnin leiddu ferðina og var stoppað við allt það sem vakti áhuga barnanna og gengið að því sama hve langt í burtu það var. Þau létu kennara vita ef það var eitthvað sem vakti áhuga og var þá tekin mynd. Eftir nokkrar gönguferðir var niðurstaðan sú að vinna með brýr. Smiðjan var unnin að vetri og var á þessum tíma mikill snjór úti. Það var því ákveðið að nýta snjóinn sem efnivið og færa hann inn. Upphaflega átti að nýta hann í brúar-byggingu en áhugi barnanna á snjónum og leikur í honum leiddi til þess að margir ísar voru búnir til og mikill snjór smakkaður. Snjórinn var upplýstur og myndum varpað á vegg fyrir aftan börnin og þróaðist ferlið yfir í áhuga og leik með skuggamyndir sem birtust á veggnum. Það var því ákveðið að vinna næst með brýr og skugga. Myndbandi af



allskonar brúm var varpað á vegg og börnin byggðu síðan sína eigin brú. Smiðjan endaði svo með stóru sameiginlegu málverki. Börnin byrjuðu á að spreypja efni í öllum regnbogans litum og svo var stækkuð upp ein kubbabrá sem var málað á.

Náttúrusmiðja var svo síðasta smiðja vetrarins og vöktu ormar mikinn áhuga barnanna á deildinni á einum góðum rigningardegi í apríl. Því var ákveðið að byrja smiðjuvinnuna á því að kanna orma og fræðast um þá.



Deildin fékk lítið fiskabúr sem fyllt var af mold og var það heimili allra þeirra orma sem fundust á tímabilinu. Ormarnir voru svo reglulega skoðaðir og blómstruðu þeir vel í lita fiskabúrinu sínu. Umræður voru svo teknar í litlum hópum um orma og þekkingu bætt við. Börnin bjuggu svo til sína eigin orma úr leir sem var brenndur og síðan málaðu börnin ormana. Ormarnir voru svo hengdir upp.

Hreyfistund í sal var ekki markviss fyrr en í mars 2022. Þá var skipaður verkefnastjóri sem sá um hreyfistundir. Barnahópnum var skipt upp í 3 hópa og var hver hópur í 30 mínútur í senn einu sinni í viku.



Reynt var að halda tónlist markvissri frá miðjum janúar 2022 og tókst það ágætlega til að byrja með. Mannekla setti svo sinn svip á það starf og færðist tónlistin því meira inn í samverustundir.

Vinna átti markvissst með Blæ frá mars 2022 en því miður tókst það ekki.

Hugarfrelsi var innleitt í byrjun apríl á starfsdegi. Byrjað var hægt í innleiðingunni og var svo bætt við fleiri stundum eftir því sem leið á. Til að byrja með voru aðeins gerðar

öndunaræfingar og svo var bætt við jóga, í framhaldi af því var svo bætt inn slökun og hugarfrelsisögum. Prófað var að hafa bæði litla og stóra hópa og nutu börnin sín mun betur í litlum hópum. Notast var við bæði litla og stóra hópa.

Umbóta- þættir Tröllabjörg	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi	Markvissari vinna	Byrja strax að hausti og skipa hópstjóra sem heldur utan um stundirnar og passar að halda tímaáætlun	Deildastjóri ber ábyrgð ásamt völdum hópstjóra.	Sept.	Júní	Hópstjóri skipuleggur veturinn strax í september og skiptir niður málhljóðunum yfir allan veturinn. Hópstjóri heldur utan um áætlunina og metur í lok vetrar hvernig gekk.	Að börnin læri tákna málhljóð- anna, lögin og byrji að tengja hljóð við bókstaf.
Blær	Markvissari vinna	Byrja strax að hausti. Skipa hópstjóra sem setur sig inn í Blæ og miðlar markvisst efninu til annarra kennara á deildinni.	Deildar- stjóri ber ábyrgð ásamt völdum hópstjóra.	Sept.	Júní	Hópstjóri skráir hjá sér það sem vel gengur og það sem betur mætti fara. Farið er reglulega yfir þá punkta á deildarfundum.	Hvort börnin noti Blæ bangsann til að líða betur eða finna til öryggis.
Hugarfrelsi	Markvissari vinna	Byrja strax að hausti. Skipa hópstjóra sem skipuleggur nokkrar vikur í senn og miðlar því til annarra kennara á deildinni.	Deildar- stjóri ber ábyrgð ásamt völdum hópstjóra.	Sept.	Júní	Hópstjóri setur upp tímaplan þar sem hugarfrelsi er bætt inn stígvaxandi yfir veturinn og metur framgang.	Hegðun og líðan barnanna metin.



Tónlist	Festa tónlist einu sinni í viku	Skipaður er hópstjóri sem býr til skipulag fyrir nokkrar vikur í senn og sér um að taka börnin í 3 hópum út af deildinni í tónlistarstund.	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt völdum hópstjóra.	Sept.	Júní	Hópstjóri heldur utan um ferlið og bætir og lagar eftir því sem þörf er á. Með því að hafa skipulag nokkrar vikur fram í tímann er auðvelt fyrir annan kennara að hlaupa í skarðið ef það er fjarvera hópstjóra.	Að börnin kynnist hljóðfærum, læri vísur og fari að syngja meira. Virk þátttaka í samverustundum.
---------	---------------------------------	--	--	-------	------	--	---



3.5 Álfabjörg

Á Álfabjörgum voru starfsárið 2021-2022 voru 18 börn fædd 2019. Starfið á deildinni var flókið framan af vetri þar sem að töluverð starfsmannavelta var. Haustiánuðirnir voru því fremur óhefðbundnir.

Í desember fór þó starfið að komast í markvissari farveg þar sem að nýr deildarstjóri tók við deildinni. Nýi deildarstjórinn byrjaði á að leggja áherslu á góð samskipti starfsmanna, með það að leiðarljósi, að því betri sem líðan og samstilling starfsfólks er í samvinnu sinni, því betra verði faglegt starf með börnunum. Með góðum samskiptum getur starfsfólkið einnig verið góðar fyrirmyndir. Því betri tök sem starfsfólkið hefur á því sem að höndum ber, bæði eitt og saman, því betur geta börnin lært af því, og notið þess, sem starfsfólkið hefur fram að færa. Að þessu vann allt starfsfólkið með góðum árangri.

Á sama tíma og nýr deildarstjóri tók við, var lögð sérstök áhersla á að efla starfið og aðbúnað fyrir málörvun. Meðal annars var myndrænt efni sett upp og nýtt í meira mæli, þörfum barna fundinn farvegur, starfsfólki falið að nýta hvert tækifæri til að setja orð á athafnir barnanna, og markvissar innlagnir viðhafðar ýmist fyrir allan hópinn eða fyrir einn og einn.

Vikulega var verkefnastjóri listasmiðju með okkur á deildinni, og bauð börnunum að taka þátt í listsköpun af ýmsu tagi. Unnið var í þrem smiðjum yfir veturinn, hver með ákveðnu þema, sem þróaðist með aðstoð barnanna. Eftir áramótin var þemað sameiginlegt með leikskólum Grafarholts og lauk með því að verkin sem börnin unnu, voru til sýnis á listasýningu á Borgarbókasafninu í Menningarmiðstöð Úlfarsárdals, í tengslum við Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Auk listasmiðju fóru börnin reglulega í tónlistartíma og fjölbreytta listsköpun þegar færi gafst.

Helstu viðfangsefni í samveru voru söngur, sögur, bangsinn Blær sem kennir börnunum um vináttu og Hugarfrelsi sem kennir slökun og ró.

Í apríl hófum við daglegt hópastarf. Þar eru börnin í litlum hópum, að fást við afmörkuð vel hentug verkefni, ýmist listræn, skapandi eða fræðandi. Vandað var við valið á





hópasamsetningunni, út frá mismunandi þörfum hvers barns, þannig að hverju barni geti liði vel, sé mætt þar sem það er statt, og takist að njóta og læra sem best.

Þegar líða tók að vori, varð útiveran meiri ásamt því að við gátum nýtt betur fjölbreytta aðstöðu skólans.

Þrátt fyrir erfiða byrjun starfsársins, og áfram nokkuð krefjandi starfsaðstæður af ýmsum ástæðum, þá rættist smám saman úr. Meiri stöðugleiki í starfsmannahópnum, áhersla á góð samskipti starfsmanna, fjölbreytt skapandi starf, sérsniðin og markviss þjálfun í stórum og litlum hópum, aukið rými innan- sem utandyra, ásamt fleiru, stuðlaði að góðri þróun, á einstaklings- og heildræna vísu.

Umbóta- þættir Álfabjörg	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samskipti starfsfólks	Viðhalda og efla samskipti sem stuðla að velferð starfsfólksins og starfsins	Ræða mikið saman, á uppbyggilegan hátt, í daglegu starfi og á reglulegum fundum. Lágmark fjórir hópfundir og tveir einstaklingsfundir	Deildarstjóri, og allt starfsfólk	Ágúst	Júlí	Halda skrá um fjölda funda, og spyrja starfsfólk annan hvern mánuð; 1)hvernig hefur gengið?, 2)hver er staðan?, 3)hvernig viltu sjá framhaldið?	Starfsfólk upplifi að í samskiptum hafi verið leyst vel úr vandamálum og stuðlað að framþróun, vellíðan og árangri í starfi
Félagsfærni barna	Áhersla á félagsfærni	Blær og Hugarfrelsi einu sinni í viku í samverustund og hópastarfi	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Ágúst	Júlí	Starfsfólk meti stöðuna þrisvar á tímabilinu	Börnin þekki Blæ, og æfingar Hugarfrelsis og geti sýnt á e-n hátt hvað það gengur út á
Myndrænt efni	Myndrænt efni sé aðgengilegt	Í hverri viku er eitthvað unnið	Deildarstjóri og	Ágúst	Júlí	Skrá þegar gert er aðgengilegt, nýtt	Starfsfólk svarar því til, í



	og mikið notað af starfsfólki, fyrir málörvun og tengsl	að nýju efni unnið eða eldra efni lagað, í undirbúningi	starfsfólk deildar			eða lagað efni. Starfsfólk metur myndræna notkun sína.	desember og maí, að það nýti sér myndir mikið í daglegu starfi
Kennslu- efnissafn fyrir samveru og hópastarf	Fjölbreytt kennslu- verkfæri aðgengileg í skáp á deild	Aðra hverja viku er bætt við kennsluefni í safnið	Deildar- stjóri	Ágúst	Des	Taka mynd af nýju efni, og safninu, annan hvern mánuð	Átta nýir valmöguleikar



3.6 Huldudalur

Starfsárið 2021-2022 voru í upphafi 12 börn fædd 2019 á Huldudal. Starfið var fremur óhefðbundið framan af vetri þar sem töluverð starfsmannavelta var á deildinni ásamt því að fjögur börn færðust til innahúss og urðu börnin á Huldudal 16, öll fædd árið 2019. Haustið fór því í að slípa deildina saman bæði starfsfólk og börn sem annaðhvort voru að sameinast að öðrum deildum eða nýtt starfsfólk að kynnast barnahópnum. Í desember til byrjun mars var mikið um fjarveru á starfsfólki vegna Covid-19 sem hafði áframhaldandi áhrif á starfið á deildinni. Starfsmenn deildarinnar tóku sameiginlega ákvörðun um að leggja mestu áherslu á samverustundir, útiveru og smíðjur á meðan starfsmannaekla hafði áhrif á deildina.

Á Huldudal leggjum við mikið upp úr frjálsum leik, söng og allri sköpun. Sökum manneklu var tekin ákvörðun um að loka deildinni við hliðina á Huldudal og gátum við því nýtt þá deild í alls kyns leiki, sköpun, sull og rannsóknarvinnu með ýmiskonar efniviði, þar á meðal sand, snjó og vatn svo eitthvað sé nefnt.

Á hverjum degi eru samverustundir tvisvar á dag. Í morgunsamveru er byrjað á að bjóða góðan daginn í söng. Sungin eru lög tengd árstíðunum, dýrum og með hreyfingum og táknum. Farið er í leiki og tekið sögustundir.

Útiveran er stór partur af daglegu starfi á Huldudal og fara börnin út á hverjum degi þegar veður leyfir, bæði í leik í garðinum og könnunarferðir um nærumhverfi okkar.



Við byrjuðum veturinn á smiðjunni *lestur er bestur* þar sem unnið var með grunnlitina. Byrjað var á því að skoða alla grunnlitina saman og gera sameiginlegt verkefni – vináttu regnboga. Áætlað var að taka eina viku í hvern grunnlit en sökum manneklu varð það ekki.

Í janúar var smiðjan tileinkuð Barnameningarhátíðinni og bar hún heitið *Ævintýri í hverju spori*. Byrjað var á því að fara með nemendahópinn í göngutúr að kanna nærumhverfið. Börnin leiddu ferðina og var stoppað við allt sem greip áhuga þeirra. Á meðan göngutúrnum stóð kom lítil grafa að ryðja snjó af göngustígnum og greip það áhuga allra barnanna, því var unnið með gröfur í smiðjunni. Við kynntum okkur gröfur vel, skoðuðum ýmsar tegundir, liti og mismunandi hljóð. Hengdum upp myndir af gröfum á veggina í hæð barnanna til að skoða nánar og vörpuðum myndböndum af gröfum á skjávarpa og börnin léku með gröfur. Börnin bjuggu svo til sínar eigin gröfur.



Lokasmiðja skólaársins var *Náttúrusmiðja* og vöktu köngulær mikinn áhuga eftir að ein könguló fannst inn á deild. Hún var sett í glas og könnuðu börnin köngulóna vel, svo var prufað að sleppa köngulónni til að fylgjast með henni hlaupa. Farið var í göngutúra til að kynna náttúrunni betur og finna köngulær og annað áhugavert. Gróðursett voru sólblómafræ og börnin hjálpuðust að við að hugsa um fræin og fylgjast með þeim vaxa.

Þegar líða fór á vorið var reynt að bæta starfi markvisst inn í dagskipulagið og settir fastir verkefnastjórar. Nemendahópnum var skipt upp í þrjá fasta hópa.

Einu sinni í viku er tekin Lubbastund, þar æfa börnin mállhljóðin og læra/hlusta á lögin.

Skipulagðar hreyfistundir eru í matsalnum. Þá hafa verið settar upp allskonar þrautabrautir og stöðvar ásamt alls konar tækjum og tólum nýtt til að æfa grófhreyfingar.

Mikið erum tónlist inn á Huldudal þar sem við syngjum saman allskonar lög og finnst börnunum lög með hreyfingum skemmtilegust. Einnig hlustum við mikið á tónlist og sögur með tónlist.

Hugarfrelsi var innleitt í byrjun apríl á starfsdegi. Byrjað var á að kynna börnunum fyrir öndunaræfingum og eru þær teknar í samverustundum ásamt því að vera nýttar yfir daginn. Byrjað var hægt að innleiða slökun og hugleiðingu. Í upphafi var slökun og hugleiðsla kynnt fyrir börnunum sem ekki ná að sofna í hvíldinni og er markmið bæta slökun ásamt jóga inn í daginn.

Umbótaþættir Huldudalur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hugarfrelsi	Halda áfram að innleiða slökun og hugleiðslu	Í samveru- og hvíldarstundum.	Allir á deildinni.	Ágúst 2022	Júní 2023	Dagleg skráning	Hegðun og líðan barnanna metin.
Blær	Markviss vinna	Settur verið hópastjóri sem skipuleggur Blæstundir.	Deildarstjóri ásamt hópstjóra	September 2022	Júní 2023	Skráningar yfir hvað vel gengur og hvað mætti betur fara. Farið yfir á deildarfundum.	Samskipti barnanna metin.
Lubbi	Markviss vinna	Hópastjóri sem skipuleggur Lubbastundir	Deildarstjóri ásamt hópstjóra	September 2022	Júní 2023	Skráningar yfir hvað vel gengur og það sem betur mætti fara. Farið yfir á deildarfundum	Að börnin læri máhljóðin og lögin.
Útinám	Nýta nærumhverfið sem kennslu efni	Börnin fari 1x í viku í könnunarferðir	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	September 2022	Júní 2023	Fara yfir skráningar og myndir í lok skólaárs. Metið á deildarfundum	Að börnin njóti sín í útiveru yfir allar árstíðirnar. Auka þol og úthald í útiveru.
Reglur	Setja upp skýrar og eindaldar reglur inn á deildinni.	Hafa reglur sýnilegar og sjónrænt.	Allir starfsmenn deildar	Sept 2022	Júní 2023	Metið á deildarfundum.	Allir kennarar hafa sömu reglur
Dagskipulag	Hengja upp sjónrænt dagskipulag	Farið er yfir daginn í morgunsamveru	Allir starfsmenn	September 2022	Júní 2023	Metið á deildarfundum	Börnin viti betur hvað skipulag dagsins sé.



3.7 Töfradalur

Starfsárið 2021-2022 voru í upphafi 12 börn fædd 2019-2020 á Töfradal. Starfið var fremur óhefðbundið framan af vetri þar sem aðlögun gekk seint vegna þess að erfiðlega gekk að ráða starfsfólk. Börn færðust til innahúss og urðu börnin á Töfradal því 15, fædd árið 2019 og 2020. Haustið fór því í að slípa deildina saman bæði starfsfólk og börn sem annaðhvort voru að sameinast að öðrum deildum eða nýtt starfsfólk að kynnast barnahópnum. Í desember til byrjun mars var mikið um fjarveru á starfsfólki vegna Covid – 19 sem hafði áframhaldandi áhrif á starfið á deildinni. Starfsmenn deildarinnar tóku sameiginlega ákvörðun um að leggja mestu áherslu á samverustundir, útiveru og smiðjur á meðan starfsmannaekla hafði áhrif á deildina.

Á hverju degi er samverustund tvisvar á dag. Í morgunsamveru fáu börnin ávexti og við syngjum saman lög. Vinsælustu lögina eru lög með hreyfingum og táknum, en við syngjum lög tengd dýrum, litum og lærum að telja.

Útivera spilar stórt hlutverk í daglegu starfi á Töfradal og fara börnin út á hverjum degi ef veður leyfir. Bæði er leikið í garðinum og núna á vormánuðum höfum við líka farið í gönguferðir um nærumhverfi leikskólans.

Í byrjun árs var markmið að leggja áherslu á málörvun og var mikið lesið með börnunum, bækur um dýrin, litina og líkamann. Við settum líka upp loðtöflusögur með ævintýrum um meðal annars Grísina þrjá og Búkollu, og í hádeginu höfum við farið með vísur. Þar sem aðlögun dróst fram eftir vetrinum þá fór hefðbundið starf róleg af stað..

Í janúar var smiðja tileinkuð Barnamenningarhátíðinni og bar hún heitið *Ævintýri í hverju skrefi*. Börnin áttu að kanna nær umhverfið sitt en veður var setti strik í reikninginn og erfitt var að komast út með yngstu börnin. Brugðið var á það ráð að kíkja út um gluggann en úr því urðu til mjög skemmtileg verkefni. Til að mynda kíkti lítil mús á pallinn fyrir framan gluggann og úr því varð mikil og skemmtilega vinna. Unnið var með hálfgerðan sýndarveruleika þar sem myndum var varpað á tjald og börnin urðu hluti af þeim gjörningi.



Á vordögum misstum við út deildarsjóran okkar en við tók kennari með reynslu og menntun sem leikskólaliði. Segja má að starfið hafi blómstrað síðan þá og bæði starfsmenn og börn mjög virk og

samvinna nán og til fyrirmyndar. Örlitlar breytingar voru gerðar á deildinni, til að mynda voru samverustundir festar í dagskipulaginu og hópnum skipt upp í smærri hópa, bæði í samveru og frjálsum leik. Farið var í göngutúra til að kynnast náttúrunni betur og finna köngulær og annað áhugavert. Gróðursett voru karsafræ og börnin hjálpuðust að við að hugsa um fræin og fylgjast með þeim vaxa.

Hugarfrelsi var innleitt í byrjun apríl á starfsdegi. Byrjað var á að kynna börnunum fyrir öndunaræfingum og eru þær teknar í samverustundum fyrir hvíld ásamt því að vera nýttar yfir daginn. Aðaláherslan hefur verið lög á að innleiða slökun og hugleiðingu með öndunaræfingum.

Umbótaþættir Töfradalur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hugarfrelsi	Halda áfram að innleiða slökun og hugleiðslu	Í samveru- og hvíldarstundum.	Allir á deildinni.	Ágúst 2022	Júní 2023	Dagleg skráning	Hegðun og líðan barnanna metin.
Blær	Markviss vinna	Settur verið einn hópstjóri sem skipuleggur Blæstundir alla vega einu sinni í viku.	Deildarstjóri ásamt hópstjóra	September/október 2022	Júní 2023	Skráningar yfir hvað vel gengur og hvað mætti betur fara. Farið yfir á deildarfundum.	Samskipti barnanna metin.
Lubbi	Markviss vinna	Hópastjóri sem skipuleggur Lubbastundir alla vega einu sinni í viku.	Deildarstjóri ásamt hópstjóra	September/október 2022	Júní 2023	Skráningar yfir hvað vel gengur og það sem betur mætti fara. Farið yfir á deildarfundum	Að börnin læri máhljóðin, táknið og lögin.
Útinám	Nýta nærumhverfið sem kennslu efni	Börnin fari 1x í mánuði í könnunarferðir	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	September/október 2022	Júní 2023	Fara yfir skráningar og myndir í lok skólaárs. Metið á deildarfundum.	Að börnin njóti sín í útiveru yfir allar árstíðirnar. Auka þol og úthald í útiveru.
Reglur	Setja upp skýrar og eindaldar reglur inn á deildinni.	Hafa reglur sýnilegar, sjónrænt.	Allir starfsmenn deildar	September/október 2022	Júní 2023	Metið á deildarfundum.	Allir kennarar hafa sömu reglur
Dagskipulag	Hengja upp sjónrænt dagskipulag.	Farið er yfir daginn í morgunsamveru.	Allir starfsmenn	September/október 2022	Júní 2023	Metið á deildarfundum	Börnin viti betur hvernig



3.8 Listasmiðjan og smiðjur í leikskólahluta Dalskóla

Annað árið í röð var gerð breyting á Listasmiðjunni í Dal, en listasmiðjurýmið var tekið undir sjöttu deildina og listasmiðjan færð í töluvert minna rými á efri hæð leikskólans. Þurfti því að aðlaga starfið með yngstu börnunum í Listasmiðjunni að þessum breytingum.

Í Listasmiðjunni í vetur hefur aðaláherslan verið á vinnu með verðlausan og opinn efnivið, upplifun og skynjun. Uppistaðan í efnivið var pappír, leir, sandur, ljós og skuggi.

Í Móa þar sem Mosadalur og Fífudalur eru staðsettir byrjuðum við fyrstu smiðju vetrarins á vináttusmiðju. Markmið smiðjunnar var að hrista hópinn saman og unnu börnin tvö og tvö saman klippimyndir úr ljósmyndum af þeim sjálfum. Smiðjuvinnan í Dal fór hægt af stað með haustinu, bæði vegna breytinganna á Listasmiðjunni en einnig vegna þess að aðlögunin fór seint og hægt af stað, þá setti Covid einnig strik í reikninginn. Má því segja að smiðjuvinnan framan af hausti hafi verið nokkuð óhefðbundin.



Önnur smiðja vetrarins var Læsisismiðja og var bókagerð fyrir valinu í Móa. Margar skemmtilegar sögur og bækur urðu til og má þar nefna: matreiðslubækur, sögur um ofurhetjur, prinsessur, fugla, fótbolta og margt fleira. Bækurnar voru síðan bæði myndskreyttar og bókarkápurnar skreyttar með allskonar verðlausum efnivið. Bækurnar gáfu börnin svo foreldrum sínum í jólagjöf. Í Dal var nálgunin aðeins öðruvísi vegna aðstæðna. Farið var beint í að vinna jólagjafir barnanna og var ýmist unnið með leir eða pappír, þar sem upplifun og skynjun barnanna var skráð.

Eftir áramót tóku öll börn leikskólans þátt í samstarfsverkefni leikskóla Grafarholts og Úlfarsárdals



sem bar heitið *Ævintýri í hverju skrefi*. Ákveðið var á sameiginlegum fundi leikskólanna að vinna með hverfið okkar eða nærumhverfi barnanna. Verkefnið var unnið í langri smiðju sem var í um tólf vikur eða frá janúar til byrjun apríl. Í þeirri smiðju rannsökuðu börnin umhverfið í kringum skólana sína og völdu sér viðfangsefni eftir áhugasviði hvers og eins. Þessi smiðja var unnin í samstarfi við Barnamenningarhátíðar og endaði með sýningu í Menningarmiðstöð Úlfarsárdals.

Smiðjan gekk mjög vel og varð afraksturinn mjög fjölbreyttur og skemmtilegur. Í Móa voru unnin mörg skemmtileg verk út frá því sem vakti áhuga þeirra í nærumhverfinu. Í Dal urðu einnig til fjölbreytt verk og en meiri áhersla var lögð á að vinna með upplifun og skynjun í gegnum ljós og skugga.

Náttúrusmiðjan er svo jafnan síðasta smiðja vetrarins þar sem að allur aldur leggur áherslu að vinna með náttúruna. Farið var í ferðir bæði um nærumhverfið en einnig fóru eldri börnin í lengri ferðir. Verið var að vinna með fugla, fjöruna, skordýr, blóm og ýmislegt fleira. Þá voru öll börn á öllum aldri dugleg að gróðursetja og rækta blóm.

3.9 Tónlist í leikskólahluta Dalskóla

Tónlistin í Dalskóla leikskólahluta fór vel af stað í haust á eldri deildum leikskólans. Verkefnastjóri í tónlist vann í vetur með 4- 6 ára börnum vikulega í vetur á Fífudal og Mosadal. Tónlistarstundirnar gengu vel og voru alla daga fyrir jól. Þó setti heimsfaraldur nokkuð strik í reikninginn með skipulagið þar sem ekki var hægt að blanda börnum milli deilda. Söngstundir í litlum og stórum hópum fóru fram á báðum stóru deildunum. Samsöngur beggja deilda var alla föstudaga þar til heimsfaraldur setti strik í reikninginn og blöndun var ekki heimil. Deildarstjórar sáu um söngstundirnar.

Elstu börn leikskólans tóku þátt í samstarfsverkefni Tónskóla Sigurssveins Kristinssonar og leikskóla í Reykjavík líkt og fyrri ár í tengslum við Barnamenningarhátíð. Undirbúningur tókst vel og það voru glöð börn sem mættu í Hörpuna 4. apríl sl. og sungu lög eftir Þórhall Sigurðsson, Ladda.

Um tíma féllu tímar niður vegna faraldursins og veikinda verkefnastjóra.

Nú á vordögum hefur tónlistin komist á fullt og allir hópar á eldri deildum fá tónlistarstundir einu sinni í viku.

Í Dalnum (yngri barna deildum) hefur verkefnastjóri komið inn með ráðgjöf og sýnikennslu inn á deildar og hafa deildarstjórar síðan tekið við keflinu og skipulagt tónlistarstundir fyrir sína hópa. Vegna veikinda hefur verkefnastjóri ekki getað fylgt þeim nægilega eftir. Starfsmenn hafa tekið inn á deildar tónlistartöskurnar en í þeim eru verkefni sem allir geta unnið með og haft góðar tónlistarstundir.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Í Dalskóla er unnið eftir hugmyndafræði um menntun án aðgreiningar. Lögð er áhersla á að börnin séu virkir þátttakendur í almennu starfi deilda eins og hægt er. Kennarar/starfsfólk sem tengjast börnum sem þurfa sérstuðning sinna einstaklingsvinnu en lögð er áhersla á að allir á viðkomandi deild sinni og fylgi eftir áherslum viðkomandi barns, að barnið sé hluti af barnahópnum. Í kennslu eru nýtt gögn úr atferlisþjálfun og TEEACH eftir því sem við á hvort sem er í hópstarfi eða einstaklingskennslu.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, EFI-2 og HLJÓM-2 eru notuð sem skimunartæki. AEPS, ABLLS-R, Orðaskil, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Íslenski máhljóðamælirinn eru listar sem voru notaðir eftir þörfum.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Í sérkennslu eru nýtt ýmiskonar spil og gögn/leikföng fyrir málörvun, félagsfærni og vitsmunabroska. Einnig er skapandi efniviður nýttur í sama tilgang. Keypt voru spil og önnur námsgögn. Þá voru keyptar spjaldtölvur fyrir bæði deildar og sérkennslu.



Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
„Það er gott að lesa“	Áfram verður unnið eftir markmiðum í læsisáætluninni „Það er gott að lesa“.	Fylgt verður eftir markmiðunum í daglegu starfi.	Sérkennslu -stjórar	Haust 2022	Vor 2023	Á starfsmanna -fundum / deildarfundum	Að allt starfsfólk leikskólans sé meðvitað um helstu markmið stefnunnar.
Sjónrænt dagskipulag/ stýrikerfi	Að á markvissari hátt nýta sjónrænt efni í daglegu starfi deilda.	Gera efni aðgengilegt. Hvetja starfsfólk til að vera virkt í að nota myndrænt efni.	Sérkennslu stjórar og deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Með því að skoða og heyra hvernig sjónrænt efni er nýtt í starfi	Sjálfsmat á deildum.
Málörvunarhópar	Búa til aðgengilegar leiðir svo allt starfsfólk geti tekið málörvunarhópa	Undirbúa poka eða körfur með tilbúnum málörvunar verkefnum sem hægt er að grípa í með litlum fyrirvara. Hafa skipulagða málörvunarhópa.	Sérkennslu -stjórar og deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Skráningar	Skoðað árangur mánaðarlega
Deildarstj. fundir með sérkennslu-stjóra	Fundir til þess að meta stöðu barna deildarinnar og skoða frekari aðkomu sérkennslu.	Sérkennslustj. og deildarstjórar taka stöðufundi í byrjun haustannar og vorannar, oftast ef þörf er á.	Sérkennslu -stjórar og deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Samtöl, skráningar, boð á fundi með foreldrum og áframhaldandi ferli	Mat um haustið og endurmat um vorið
Námskeið og fræðsla	Fleiri námskeið og meiri fræðsla fyrir starfsfólk svo það hafi töl og tæki til þess að bregðast rétt við allskyns aðstæðum.	Áætlað er að starfsfólk fari á námskeiðið Náttúruleg kennsla, PECS o. fl. Einnig verður fræðsla um PECS og	Sérkennslu -stjórar	Haust 2022	Vor 2023	Á starfsmanna -fundum / deildarfundum	Meta breytingar á deildum



		sjónrænt skipulag. Sérkennslustj. bjóða starfsfólki aðgang að fyrirlestrum.					
--	--	---	--	--	--	--	--

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var nýtt til að kaupa námsgögn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Í daglegu og skipulögðu starfi er unnið markvisst með orðaforða. Málörvunarstundir eru bæði í litlum hópum en einnig í einstaklingsvinnu. Verið er að nota kennslufni frá Orðaleik.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í les- og samverustundum er verið að styrkja og dýpka orðaforða barna en við viljum styrkja það starf enn frekar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Verið er að nýta TRAS skráningar til að fylgjast með færni fjöltyngdra barna í íslensku. Það verður gert áfram. Við ætlum áfram að nýta okkur nýtt efni í starfi: Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Allir þessir þættir tilheyra almennri málörvun saman ber læsis stefnu leikskólans. Við stefnum á að nýta okkur efni úr áður nefndum listum og vera í samvinnu og samráði við verkefnistjóra fjölmenningar.



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Foreldra handbók á ensku	Handbók sem erlendir foreldrar geta lesið og þannig komið með barnið betur undirbúið í leikskólann	Þýða foreldra handbók yfir á ensku	Sérkennslustjórar	Haust 2022	Haust 2022	Stjórnendur fara yfir þýðingu og samþykkja texta handbókar	Spurt foreldra af erlendum uppruna á fundum hvernig þeim finnst bókina
Gefðu 10	Hver starfsmaður á deild gefur sér 10 mín á dag til þess að lesa fyrir, spjalla við eða annað þegar kemur að börnum sem þurfa aukna málörvun	Deildarstj. og sérkennslustj. minna á. Hafa sjónrænt skráningarkerfi upp á töflu sem er ekki persónugreinanlegt (t.d. merkt með lit).	Deildarstj. og deildarstarfsfólk	Haust 2022	Vor 2023	Skráningar	Fara yfir skráningar mánaðarlega
Verkefnið Velkomin	Kynna hverfið (t.d. ákveðin réttindi, apótek, sundlaug o.fl.) svo að erlendir foreldrar einangrist ekki og þekki til réttinda sinna	Ræða í upphafsviðtölum og sækja um tengilið fyrir foreldra frá Austurmiðstöð	Verkefnastj. fjölmenningar/sérkennslustjórar	Haust 2022	Haust 2022	Í samráði við ráðgjafa Austurmiðstöðvar	Fara yfir starf vetrarins og ræða með stjórnendum og deildarstj. skólans.
Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Nota hæfniramma sem viðmið fyrir fjöltyngd börn	Kynna efni þeirra fyrir deildarstj. Velja í samráði við stjórnendur og deildarstjóra áherslur fyrir skólaárið.	Verkefnastj. fjölmenningar/sérkennslustjórar	Haust 2022	Vor 2023	Í samráði við Sögu Stephensen verkefnastjóra fjölmenningar á starfsmannafundum á vorönn.	Úrvinnsla á skráningum sem tengjast þessum málaflokki. Fara yfir starf vetrarins.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Tekin voru líðana viðtöl við starfsmenn Móa í nóvember og desember. Í Dal og Móa voru tekin líðanar viðtöl á vormánuðum. Samtölin gengu vel en almennt fannst starfsmönnum veturinn hafa verið þungur bæði vegna covid-19, takmarkana og veikinda. Nú á vormánuðum var léttara yfir fólki

Starfsdagar voru nýttir til endurmenntunar eins og oftast áður eða skipulagsvinnu. Fyrri innleiðing Hugarfrelsis var á starfsdegi á vorönn og verður sú seinni í haust. Hrönn Pálmadóttir kom tvisvar og var með námskeið um starf með yngstu börnum leikskólans fyrir starfsfólk í Dal. Guðný Reynisdóttir og Kristín Hildur Ólafsdóttir komu tvisvar og voru með handleiðslu fyrir deildarstjóra og allt starfsfólk í Móa en þær áttu að koma einnig í Dal en það varð ekki úr því vegna takmanna og sóttvarna.

Lítið var um að starfsfólk færi á námskeið þennan veturinn en alls stunduðu þrír starfsmenn nám með vinnu við Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri í leikskólakennarafræðum, bæði í grunnnámi eða á meistarastigi. Þá var einn starfsmaður að læra í þroskaþjálfanámi við HÍ.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva –

Starfsárið 2021 – 2022 var samstarf við grunnskólahluta Dalskóla og frístund töluvert minna annað árið í röð en það sem venjan er vegna Covid-19 og þeirra takmarkana sem það setti okkur.

Hringekjan fór seinna af stað vegna þeirra fjöldatakmarkana sem settar voru og féll hún niður um tíma. En í hringekju vinna elstu börn leikskólans í litlum hópum með börnum og kennurum í fyrsta bekk. Á þennan hátt kynnast kennarar og börn starfinu á báðum skólastigum og vinna með

námsþætti og frjálsan leik. Nú á vorönn þegar léttá fór á öllum takmörkunum hófst hringekjan aftur af stað og fóru elstu börnin þá einnig að fara í heimsóknir í frístund. Þangað fóru þau í litlum hópum til þess að kynnast bæði frístundarstarfsmönnum og því starfi sem þar fer fram. Þá fóru öll elstu börn leikskólans í nýju



sundlaug Dalskóla með sundkennurum grunnskólahlutans en það vakti mikla ánægju að fá að fara í skólasund.

Nokkur börn í 8 – 10 bekk voru í leikskólavali í vetur á elstu deildum leikskólans þar sem þau fengu að kynna leikskólastarfi.

Komu í val 8-10 bekkur voru nokkur börn í leikskólavali og voru á elst deildum leikskólans

Börnin í Móa hafa verið í miklu samstarfi við nýja Borgarbókasafnið sem staðsett er í Dalskóla, en þangað hafa þau farið reglulega síðan það opnaði. Þar hafa þau farið í sögustundir, lesið bækur og fleira.

8 Foreldrasamvinna

Þetta starfsárið var lítið um að foreldrar kæmu í hús vegna þeirra takmarkanna sem Covid-19 setti okkur. En á tímabili í vetur gátu foreldrar lítið komið inn í leikskólabyggingarnar okkar. Framan af vetri var ekki hægt að bjóða foreldrum á smiðjulok vegna takmarkanna en nú á vormánuðum voru smiðjulok bæði í Móa og Dal. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að hafa smiðjulok þá voru verk barnanna höfð til sýnis líkt og gert er á smiðjulokum.

Aðeins tókst að halda mæðradagskaffi en ekki bóndadagskaffi líkt og venjan er í kringum bóndadaginn og mæðradaginn. Við höfum smá saman verið að opna leikskólann fyrir foreldra og yndislegt var að fá mæður í vöflukaffi, þar sem allir nutu.

Foreldrafélagið hefur undanfarin ár boðið upp á leiksýningu og jóganámskeið en í ljósi aðstæðna varð ekkert úr námskeiði. Í vor bauð foreldrafélagið upp á leiksýningu, en leikhópurinn Lotta kom og sýndi verkið „Pínulitla Mjallhvít söngvasyrpa“ í garðinum okkar í fallegu veðri við mikinn vöknud barnanna.

Í haust sem leið og í vor keypti foreldrafélagið leikföng á deildarnar þar sem mikill peningur var að safnast upp. Keypt var opið leikefni líkt og kubbar, sulluker og spil.



Friðrik Theódórsson sjúkraflutningarmaður kom með námskeið í slysavörnum í mars fyrir alla starfsmenn Dalskóla leikskólahluta okkur að kostnaðarlausu. Friðrik er faðir tveggja barna í Dalskóla.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Nafn skóla:

Skóladagatal 2022 - 2023

Samband íslenskra sveitarfélaga

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ
1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 Þ	2 F
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 F	4 F	4 S
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 M	6 M	6 L	6 L	6 Þ
7 S	7 M	7 F	7 Þ	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ	7 S	7 M	7 M
8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 Þ	9 F	9 F	9 Þ	9 F	9 F
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L
11 F	11 S	11 Þ	11 M	11 S	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S
12 F	12 M	12 M	12 F	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ
14 M	14 S	14 Þ	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	14 M
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F
16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ
21 M	21 M	21 F	21 M	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 S	21 M	21 M
22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 M	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F	23 S	23 F	23 F	23 Þ	23 Þ	23 F
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 L	24 L
25 F	25 S	25 Þ	25 M	25 F	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S
26 F	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 Þ	26 F	26 M
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ
28 S	28 M	28 F	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S	28 M
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 S	29 M	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F
31 M	31 M	31 M	31 Þ	31 L	31 F	31 F	31 F	31 M	31 M	31 F

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðin af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stífna skóla- og frístundastíðir eru að hverju hvernfi leittis skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma þrjá starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir

23.06.2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2022 – 2023

Nafn leikskóla

Dalskóli

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ingibjörg Sigursteinsdóttir
Stefanía Hulda Marteinsdóttir
Helga Hreiðarsdóttir
Sonja D. Hákonardóttir
Auður Eva Ásberg
Bryndís Samúelsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Dalskóla fyrir Veturinn 2022-2023. Við þökkum starfsfólki gott og ötult starf á líðandi vetri þrátt fyrir áskoranir á borð við takmarkanir og reglur varðandi covid-19 og ráðningar vanda að hausti.

Umbótaáætlun virðist vera vel unnin á öllum deildum Dalskóla, markmið skýr og leiðir raunhæfar. Spennandi að lesa um áframhaldandi innleiðingu hugleiðslu og slökunar sem og innleiðingu hugmyndafræði matstofu fyrir börnin. Þessir tveir þættir munu án efa stuðla að betri líðan og velferð barnanna okkar í skólanum.

Með þökkum, fyrir hönd skólaráðs
Helga Hreiðarsdóttir

